

Námsvísir
Yngsta stig 2008 – 2009

Myndmennt

Kennari: Sigrún Jónsdóttir

Markmið skóla og nemenda

Læsi barna er samfléttað úr lestri leturs, tákna og mynda. Þau lesa sitt nánasta umhverfi á ólíka vegu og verður í vetur fengist við að skoða, skrá, skilja og túlka umhverfið með ýmsum efnum og aðferðum. Þjálfuð verður leikni í teikningu, málun, mótun og fleiri listrænum þáttum. Samþætting verður við aðrar námsgreinar á stiginu s.s í vinnu með grunnform, áhugasviðsverkefni, sköpun myndverka og könnun á íslenskum listamönnum. Mikil áhersla er lögð á umgengni strax í upphafi myndlistarnáms. Sjá nánar um markmið í *Aðalnámsskrá grunnskóla, listgreinar* frá 1999 og 2007.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Kennt verður í smiðjum. 2.-3. bekkur eru í fimm blönduðum hópum og er hverjum hóp kennt í 60 mínútur í senn tvisvar í viku í sex og hálfu viku. 1. bekkur er sér í þremur hópum og fær sama tímafjölda í viku og 2. og 3. bekkur en í 11 vikur í senn. Myndmenntakennari kemur einnig inn á svæði yngsta stigs á mánudags- og fimmtudagsmorgnum, 75 mín í senn í samstarf í íslenskukennslu.

Kennsluaðferðir verða m.a. útikennsla, upplifunaraðferðir, sýnikennsla, sjónsköpun, rannsóknir, námsleikir, safnakennsla og verkleg kennsla.

Námsgögn

Myndmennt 1, myndmiðlar, listaverkabækur, tölvuforrit og gagnvirkt efni af vef. Pappír og litir af ýmsu tagi, verðlaust efni o.fl.

Námsmat

Verkmöppur, gátlistar, sjálfsmat og frammistöðumat. Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda.